

## Tillaga til 439. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. júní 2019

Tillaga 405. fundar fræðslunefndar frá 13. júní sl., um að breytingar verði gerðar á leikskólalíkani í samræmi við tillögur starfshóps um málefni leikskóla, þar sem 2 ára börn teljist 2 barngildi, en eru í dag samkvæmt leikskólalíkani 1.6 barngildi.

### 10. Málefni leikskóla haust 2018 - 2018080029

Kynnt minnisblað Margrétar Halldórsdóttur sviðsstjóra skólasviðs og Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennsluráðgjafa er varðar kostnaðargreiningu á tillögum starfshóps um málefni leikskóla. Fræðslunefnd kallaði eftir þeim upplýsingum á 404. fundi sínum þann 9. maí 2019. En meginhlutverk hópsins var að skoða starfsumhverfið í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Lagt fram minnisblað Margrétar Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er varðar framtíðarsýn á fjölda barna í leik- og grunnskólaum Ísafjarðarbæjar.

*Lagt fram til kynningar og er tilögum starfshópsins vísað áfram til fjárhagsáætlunargerðar 2020 og jafnframt leggur fræðslunefnd til við bæjarstjórn að breytingar verði gerðar á leikskólalíkani í samræmi við tillögur starfshóps þar sem 2 ára börn teljist 2 barngildi, en eru í dag samkvæmt leikskólalíkani 1.6 barngildi.*